



Ályktun stjórnar BSRB heilbrigðismál

Stjórn BSRB fagnar því að heilbrigðisráðherra hafi ákveðið að heimila ekki rekstur einkarekins sjúkrahúss með yfirlýsingu um að hann ætli að hafna beiðni Klíníkurinnar. Bandalagið hefur ítrekað varað við einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Það er því ánægjulegt að heilbrigðisráherra ætli ekki að láta undan þrýstingi þeirra sem vilja hagnast á sjúklingum.

Stjórnin varar jafnframt við því að hér verði til tvöfalt heilbrigðiskerfi. Efla þarf heilbrigðiskerfið verulega og vinna svo um munar á biðlistum í aðgerðir. Þá þurfa stjórnvöld að draga verulega úr kostnaðarpáttöku. Markmiðið á að vera heilbrigðiskerfi sem rekið er fyrir skattfé þar sem sjúklingar fá þá þjónustu sem þeir þurfa án þess að greiða sérstaklega fyrir hana.

Reykjavík, 24. mars 2017